



Reiðhjóltrygging

Skilmáli nr. EE70

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. EE70.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Við mælum með reiðhjóltryggingu fyrir alla sem eiga hjól sem kostar meira en kr. 200.000.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.
Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

1. Hvað er tryggt?

1.1 Tryggingin gildir fyrir það reiðhjól¹ sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Hverjir eru tryggðir?

2.1 Eigandi reiðhjóls er er tryggður.

2.2 Tryggingin er ekki til hagsbóta fyrir þá sem eiga fjárhagslega hagsmuni í reiðhjólinu, t.d. lánastofnanir eða aðra veðhafa², nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá VÍS, en þá öðlast þeir aldrei meiri rétt gagnvart VÍS en eigandi reiðhjólsins.

3. Hvar gildir tryggingin?

3.1 Tryggingin gildir:

a) Á Íslandi.

b) Á ferðalagi í allt að 92 daga, að viðbættum þeim tíma sem nauðsynlegur flutningur milli landa tekur, enda sé um ártryggingu að ræða.

4. Hvað bætir tryggingin?

4.1 Tjón á reiðhjóli vegna skyndilegra og utanaðkomandi atvika, sem ekki er sérstaklega undanskilið í þessum skilmála.

4.2 Þjófnað á reiðhjóli sem kærður hefur verið til lögreglu og reiðhjólíð ekki fundist innan 14 daga frá þjófnaði.

4.3 Tjón vegna grjóthruns, skriðufalla, snjóflóðs úr fjallshlíð, aur- eða vatnsflóðs og eldingar, þrátt fyrir ákvæði 5.6.

Ef tryggður eða maki hans er með heimilistryggingu eða F plús tryggingu hjá VÍS sem felur í sér frítímaslysstryggingu, gildir sú trygging við æfingar og keppni í hjólreiðum, án viðbótargjalds.

5. Hvað bætir tryggingin ekki?

5.1 Slit á reiðhjóli vegna notkunar, t.d. tæringu, ryðbruna eða annað hefðbundið slit.

5.2 Tjón á reiðhjóli vegna þess að það rispast, beyglast eða merst ef það rýrir ekki notagildi reiðhjólsins.

5.3 Tjón sem rekja má til bilunar, rangrar samsetningar eða galla.

5.4 Þjófnað, ef reiðhjól var ekki í læstri geymslu eða læst við fastan hlut.

5.5 Þjófnað á einstökum hlutum reiðhjóls eða aukahlutum.

5.6 Tjón vegna náttúruhamfara.

6. Varúðarreglur

6.1 Eigandi skal gæta að ástandi reiðhjóls fyrir notkun.

6.2 Geymslustaður reiðhjóls skal vera tryggilega læstur þegar reiðhjól er ekki í notkun.

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru til tryggðra með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði.

¹ Sbr. skilgreining í a-c lið. 30. mgr. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019

² Sbr. ákvæði um meðvátryggða í 41.-43. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004



- 6.3 Reiðhjól skal vera tryggilega læst við fastan hlut þegar reiðhjól er ekki í notkun. Notast skal við viðurkennda lása sem ætlaðir eru til að læsa reiðhjólum.
- 6.4 Notandi reiðhjóls skal ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna við notkun reiðhjóls né annarra örvandi eða deyfandi efna.

7. Verð

- 7.1 Verð tryggingar kemur fram á skírteini.
- 7.2 Verð breytist við endurnýjun tryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu og verðskrá VÍS.
- 7.3 Verð tryggingar ákvarðast af verðmæti reiðhjóls, umfangi viðskipta og viðskiptasögu.
 - 7.3.1 Verðmæti reiðhjóls lækkar um 10% af kaupverði á hverju ári eftir fyrsta árið en verður þó aldrei lægra en sem nemur 30% af kaupverði.

8. Ákvörðun bóta

- 8.1 Fjárhæð bóta við alþjón kemur fram í skírteini og miðast við kaupverð reiðhjóls. Engar afskriftir eru fyrstu 12 mánuði frá kaupum en síðan 10% af kaupverði hvert ár. Hámarks afskriftir eru 70%.
- 8.2 VÍS er heimilt að bæta tjón með fullnægjandi viðgerð á reiðhjól, afhenda samsvarandi reiðhjól eða bæta með peningagreiðslu.
- 8.3 Ef reiðhjól sem greitt hefur verið fyrir vegna þjófnaðar endurheimtist ber að skila því til VÍS. Eigandi getur haldið reiðhjól gegn endurgreiðslu á greiddum bótum.
- 8.4 VÍS er heimilt að krefjast afhendingar á reiðhjólum sem bætt hafa verið með peningagreiðslu og teljast þau þá eign félagsins.

9. Framsal

- 9.1 Framsal réttinda samkvæmt tryggingarsamningi er háð samþykki VÍS.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavinum en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.